

VEGAGERÐ RÍKISINS

BORGARFJARÐARBRÚ

Skýrsla um husanlegar rannsóknir

eftir Jónas Elíasson

Reykjavík september 1974. Skýrsla nr. 74 - 17

Bráðabirgðaeintak óleiðrétt.

## 1. FORMÁLI

Vegna áætlana Vegagerðar Líkisins að brú yfir Borgarfjörð, fór deildarverkfræðingur brúargerðar Helgi Hallgrímsson þess á leit að Straumfræðistöð Orkustofnunar gerði grein fyrir hvort beita mætti straumfræðirannsóknum við laus ýmissa tæknilegra vandamála við brúargerðina, og þá hvernig.

Um þetta atriði hafa síðan verið haldnir allnokkrir fundir með verkfræðingum Straumfræðistöðvarinnar og Vegagerðarinnar. Ennfrémur voru á fyrrihluta árs 1974 gerðar tilraunir með streymi undir brú með mismunandi leiðigörðum og er skýrslu um þær að vænta fljótlega.

Sú staðsetning sem athuguð hefur verið er yfir álinn milli Sel-eyrar og Borgarness, og voru tilraunir aðallega miðaðar við það. Fleiri möguleikar koma enn til greina, meðal annars tvær brýr í sömu eða svipaðri línu, við land sinn hvoru megin. Fyrir utan hin venjulegu verkfræðilegu vandamál í sambandi við gerð brúar og brautarfyllingar eru aðalvandamálin aurburðarvandamál og svo hin líffræðilegu vandamál, einkum fiskigengd á vatnasvæði Hvítár.

Vandamál vegna aurburðar eru tvennskonar, annarsvegar hætta á auknu seti innan brúar, og hætta á rofi í brúarstöðinu. Rofi í brúarstöðinu má líta á sem þrenns konar. Í fyrsta lagi dýpkun í brúarstöðinu vegna þrengingar, álamyndun í hinu dýpkaða sniði í öðru lagi, og rofi við stólpa og fyllingarenda í þriðja lagi.

Hin líffræðilegu vandamál, einkum þau er varða fiskigengdina eru margvísleg og erfitt að gefa nokkur skýr svör við þeim. Fræðimenn á þessu sviði eru sammála um að hið svokallaða blöndunarsvæði og allar breytingar á því geti haft verulegarþýðingu fyrir göngu fiskjarins. Skulu nú rakin nokkur atriði þessu lútandi, en fram skal tekið að ekki er um samdóma álit fræðimanna að ræða á hverju einstöku atriði.

Þegar lax gengur í árnar, syndir hann uppá landi og síðan meðfram landi. Sína á þekkir hann á "lykt" árinna. Ár er fara gegnum stór ósasvæði á leið sinni til sjávar blandast verulega sjó á blöndunarsvæðinu og merkjast verulega af þeim skilyrðum er þar ríkja, svo breytingar á þeim geta gert það að verkum að laxinn rati ekki heim. Þegar seiði klekjast út vaxa þau allnokkuð í ánni en þar að kemur að þau leita til sjávar. Eru þau þá með öllu óvön saltvatni. Ef þau þurfa að fara gegnum skörk skil á leið sinni, er hætta á að þau fái "osmotískt chok". Þá líður yfir þau og þau fljóta upp með hvítann kviðinn á undan og eru mjög auðveld bráð fugli sem hremmir þau áður en þau ná að ranka við sér.

Allar þrengingar hafa mikil áhrif á blöndun á ósasvæðinu. Innan þrengingarinnar lækkar salthlutfallið en hækkar utan hennar. Á ósasvæðum er blöndun oft það góð samt sem áður, að verulegar þrengingar má skapa án þess að blöndun breytist verulega. Hér á eftir verður gerð grein fyrir hugsanlegum athugunum varðandi þetta atriði.

Hin straumfræðilegu vandamál skapast aðallega af hættu á rofi. Rofið verður af ágangi öldu og strauma, en aðalvörnin gegn því eru grjótfyllingar ýmiskonar. Til að verja hliðar vegfyllingar gegn öldurofi þarf stórt grjót og þungt, til að verja botn á nokkru dýpi fyrir straumrofi þarf miklu minni steinastærðir, nánast möl eða mulning. Þetta grjót þarf að vinna, t.d. sprengja í grjót- eða malarnámi. Þegar slík vinna er á annað borð hafin er lítið hægt að ráða við í hvaða hlutföllum steinastærðirnar koma, en rofvörn þarf alltaf að innihalda sérstakar steinastærðir samkvæmt nánari skilgreiningu ( specification ). Rofvörn þarf ekki bara að innihalda nægilega stóra steina, hún þarf líka að uppfylla svokallað filterkriterium, þ. e. það efni sem á að verja má ekki sleppa út í gegn. T. d. er ekkert gagn í að setja stóra steina á sandbotn, þeir hverfa bara niður í sandinn.

Við mannvirkjagerð sem þessa, þarf yfirleitt að nota mikið magn af ýmiskonar grjót og möl. Í hönnuninni er yfirleitt hægt að ráða verulega um í hvaða hlutföllum þarf að nota hinar ýmsu steinastærðir, einkum ef forrannsóknir eru góðar og allir möguleikar kannaddir. Ef aftur á móti þau hlutföll sem þarf að nota ekki eru þau sömu og þau sem koma úr grjótnáminu verður afgangur, og það getur gert verkið verulega mikið dýrara en ella þyrfti.

Hér á eftir verða þessi atriði gerð að nánara umtalsefni, ennfremur hugsanlegar athuganir varðandi hugsanleg stöðugleikavandamál

## 2. STRAUMFRÆÐI ÓSASVÆÐA

Ósasvæði er þar sem veruleg blöndun ferskvatns og sjávar á sér stað. Á slíkum svæðum eru veruleg áhrif blöndunarinnar á strauma sýnileg. Ósasvæði gegna sérstöku líffræðilegu hlutverki, en of langt mál yrði að fjalla um slíkt hér, það þarf að gera í sérstakri skýrslu af hlutadeigandi fræðimönnum. Borgarfjörður er eitt af fáum stórum ósasvæðum landsins.

Linn stærsti þáttur strauma á ósasvæðum er sjávarfallastraumurinn. Í Borgarfirði er þetta veigamesti þátturinn, hreinlega vegna hins mikla munar sem þar er á flóði og fjöru.

Nokkrar athuganir hafa verið gerðar á sjávarföllum í Borgarnesi og hafa þær gefið sjávarföll sem hér segir

Meðalstórstraumsflóð	1.00 m
Meðalsmástraumsflóð	+0.42 "
Meðalsmástraumsfjara	-1.83 "
Meðalstórstraumsfjara	-3.05 "

Þetta gefur meðalsjávarborð í -1.05 m eða þar um bil. Stórstraums sveifla 4.05 m, smástraumssveifla 1.41 m og meðal sveifla því um 2.7 m. Þetta er mjög líkt sjávarföllum í Reykjavík.

Sjávarföll berast inn að ströndum sem bylgja utan af hafi. Úti á dýpi er bylgjuhæðin mjög lítil, en er hún berst inná landgrunnið nær hún þeirri hæð sem svo mælist við ströndina vegna svokallaðrar öldugrygningar, sem fylgir svipuðum reglum og ljósbrot. Þegar aldan fellur upp að ströndinni endurvarpast hún út aftur, þó ekki sömu leið til baka og hún kom, heldur rennur vatnið burtu undan hallanum á vatnsborðinu sem venjulegur straumur. Þetta gerir að fallstraumar fara sjaldan sömu leið in og þeir fara út t. d. er ríkjandi fallastraumur í Faxaflóa frá norðri til suðurs. Corioliskrafturinn hefur líka mikil áhrif á sjávarfallastrauma og getur myndað hæðir og lægðir í sjónum rétt eins og í loftinu, en á svæðum sem ekki eru stærri en Borgarfjörður eru slík áhrif að jafnaði lítil.

Þegar unnið er úr sjávarfallamælingum eru þau greind með hinni svokölluðu harmonisku aðferð, en það er upplausn í sveiflur

þar sem hornhraðinn er tekinn frá gangi sólar og tungls. Þetta er með öðrum orðum ekki hrein Fouriergreining þó nafnið bendi til þess, aðferðin er enn eldri, hún á ættir sínar að rekja til lord Kelvin og baron Rayleigh. Útkoman úr greiningunni eru svokallaðir harmoniskir stuðlar, en það er útslag (amplitude) og fasahorn hinna ei nstöku sveiflupátta. Flóðhæðin er hér eftir

$$h(t) = \sum_{n=1}^N A_n \cdot \cos(\omega_n t + \varphi_n)$$

$A_n$	útslag stuðuls nr. n
$\omega_n$	hornhraði "
$\varphi_n$	fasahorn "

Þessi greining er mjög nákvæm enda sú sem notuð er til að útbúa flóðtöflur. Í flóðtöflur eru notaðir geysimargir stuðlar, en til tæknilegra nota er nóg að hafa miklu færri. Aðal stuðlarnir eru :

Hálfdagurstuðlar mána og sólar	$M_2$	$S_2$
Dagurstuðlar	"	$K_1$ $O_1$

Segja má að  $M_2$  skapi sjávarföllin, þetta er lang stærsti stuðullinn,  $S_2$  gerir stórstraum og smástraum, hinir skapa mismuninn á flóðhráða ( flóðkúrfurnar eru brattari á framhliðinni en bakhliðinni. Þau atriði sem rætt var um áður gera það hinsvegar það verkum að þrátt fyrir að þessir stuðlar séu eðli málsins samkvæmt stjarnfræðilegir er ekki hægt að reikna stærð þeirra eða fasa út en þarf að mæla það hverju sinni. Til að ná þessum fjórum er mán- aðar flóðathugun nægileg, ef hinsvegar á að fá gott meðalsjávar- borð sem t.d. þarf að nota ef reikna á úr hæsta flóð, þá þarf minnst 6 mánuði.


Þegar flóðbylgja berst upp eftir á skeður í aðalatriðum það sama og áður er lýst nema það, að nú er straumurinn í takmörkuðum farvegi og ferskvatnsstraumurinn veldur svokallaðri straumrefraktion sem aðallega gerir það að verkum að flóðs og fjöru gætir lengra upp með ánni en sjálf hækkinin niður við ós gefur tilefni til að halda. Venjulega er slíkt mælt með sjálfritandi vatnshæðamælum sem dreift er upp með ánni, frá niðurstöðum þeirra og svo flatarmáli farvegsins má gera sér grein fyrir áhrifum flóðöldunnar á straumana. Ef aðeins er áhugi fyrir að vita strauma í einu ákveðnu sniði, má í stað þess að vera með keðju af mælum, straummæla í sniðinu og frá þeim mælingum búa sér til "effektívt" flatarmál á farveginum fyrir ofan sniðið, þannig að flatarmálið sinnum flóð- hraðinn gefur straummagnið.

Árið 1967 var gerð straumrannsókn í Fossvogi fyrir Gatnamálastjóran í Reykjavík. Gerð var straumbaujumæling á sjálfu vatnasvæðinu en straumhradamæling í Bessastadasundi. Niðurstaðan var sú að til allra tæknilegra nota var óhætt að reikna með straumlíkani þar sem hinn síbreytilegi straumhraði fallstraumanna var nálgaður með beinum línunum. Þannig fengust tvö tímabil, flóðstraumur og fjöru- straumur með stöðugum straumi og línulega breytilegur straumur þess á milli sem gengur í aðalatriðum fram og til baka. Nú liggja engar mælingar fyrir frá Borgarfirði, ef reynt er að nota niðurstöðurnar frá Skerjafirði leiðir það til eftirfarandi:

Flóðstraumur	ca. 2 1/2 tíma	4800 $m^3$ /sek
Fjörustraumur	ca. 3 1/2 tíma	4050 "

Þetta straummagn miðast við meðalvatnsskifti  $40 Mm^3$  á flóðtímabili. Hér þér að athuga, að réttann tíma á að fá með mælingum á staðnum og raunveruleg vatnsskifti sem reiknuð eru út frá flóðmælingum skal leggja til grundvallar straummagnsreikningunum og þá er ekki víst að nógu nákvæmt sé að reikna með meðalvatnsskiftum, slíkt fer eftir hvað á að nota tölurnar í.

Í Borgarfirðinum renna Hvítá og Andakílsá til sjávar. Sjórinn er um 3 % þyngri en ferskvatnið, og þar eð útrennsli ferskvatnsins er í hæð við yfirborð sjávarins gerir þessi eðlisþyngdarmunur að ferskvatnið flýtur ofaná og blandast ekki sjónum eins hratt og ef eðlisþyngdarmunurinn væri ekki. Ennfremur heldur ferskvatnið áfram að renna meðan einhver hreyfiorka er eftir í því, og þannig geta ár runnið langt á haf út án þess að blandast verulega sjónum umhverfis þar sem blöndunarskilyrði eru léleg (kyrr sjór, mikill útrennslishraði og vatnsmagn.) Sker spennur á mörkum ferskvatnsins og sjávarins, skilunum, gera það að verkum að smámsaman dregur úr krafti ferskvatnsstraumsins og hann tekur hraða umhverfisvatnsins. Þessar skerspennur eru aðallega tilkomnar vegna innblöndunar saltvatns í ferskvatnið á skilunum. (entrainment) Vegna blöndunarinnar breikkar ferskvatnsstrumarinn og dýpkar, og jafnframt vex saltinnihald hans



1. Mynd. Eðlisþyngdarstraumur


Skerspennurnar og innblöndunin eru mjög háðar því sem kallað er hin densimetríska Froudes tala

$$Fr_{\Delta} = \left( \frac{v^2}{\Delta g D} \right)^{1/2}$$

Einnig er notuð svokölluð Richardssons tala

$$Ri = 1/Fr_{\Delta}^2$$

Af þessu má sjá, að hvar sem eðlisþyngdarskil eru eru einnig straumskil sem koma fram jafnt á hliðum ferska vatnsins sem undir því.



2. Mynd. Straumskil

Straumhradamælingar á ósasvæðum er því mjög erfitt að túlka ef ekki eru gerðar eðlisþyngdarmælingar um leið. Með eðlisþyngdarmælingum má rekja leið ferskvatnsins og nota þá niðurstöðu til að skýra straumhradamælingu sem annars getur virst mótsagnakennd.

Í sambandi við straumrannsókn í Skerjafirði var gerð eðlisþyngdarmæling í einu sniði þvert yfir fjörðinn frá Skildinganesi til Bessastaðaness. Niðurstöðurnar má sjá á meðfylgjandi mynd. Eðlisþyngdarmunur er lítill og jafntdreifður yfir sniðið, til samræmis við að ferskvatsáhrif eru lítil í Skerjafirði og útrásirnar langt frá mælisniðinu. Þó má sjá af þessu sniði, að í heild er vægur innstraumur meðfram Bessastaðanesi ( dýpri hlutinn ) og út með Skildinganesi, en straumrannsóknin sýndi eimitt nettóstraum sem svarar 13 % af vatnsskiftunum sem fer þessa leið.

Á myndinni halla jafnþyngdarlínurnar frá vinstri til hægri, sem bendir til straums sem er að bera þyngra vatnið inn undir það létta. Furðulega lítinn eðlisþyngdarmun þarf til að skapa þess háttar strauma. Það má reikna út að sá eðlisþyngdarmunur sem myndin sýnir og er um það bil  $3 \cdot 10^{-7}$  t/m<sup>4</sup> að meðaltali getur skapað stöðugann straum sem svarar 0.3 m/sek á 10 m dýpi. Athuga ber að halli línanna er ýktur 100 sinnum á myndinni.



3. mynd. Skerjafjörður




Flóðstaurur

27


2 h

Flóð kl. 18<sup>42</sup> 4.23m

Fjara kl. 01<sup>02</sup> 0.45m




4. Mynd. Straumlíkan



5. Mynd. Eðlisþyngdardreifing Skerjafirði


### 3. ÖLDUR OG VINDUR

Þegar vindur blæs yfir vatnsflöt magnar hann straum. Ef vindurinn er nógu hvass verður vatnsyfirborðið óstöðugt, en það þýðir að gárur sem myndast lengjast og stækka og verða að öldum.



6. Mynd. Vindstraumur

Öldumælingar fara yfirleitt þannig fram að hærbreytingar sjávarins eru mældar í ákveðnum punkti, annaðhvort á yfirborði eða með því að mæla þrýstibreytingarnar við botninn. Þessar breytingar sýna tilviljanakennda hegðun



7. Mynd. Zero-upcrossing öldumæling

Úrvinnsla á öldumælingum er nokkuð viðamikil, og margir möguleikar fyrir hendi. Stundum er fundin meðalölduhæð  $H$ , signifikant ölduhæð  $H_s$  og meðal öldutími  $T$ . Við þetta er oftast notuð svokölluð "Zero-upcrossing" aðferð og verður henni ekki nánar lýst hér.


Í nákvæmari úrvinnslu er fundið variansróf öldunnar, hið svokallaða "power-spectrum", sem er nefit þannig vegna þess að það má túlka sem dreifingu ölduorkunnar á hinar ýmsu öldutíðnir og getur sem slíkt kallast orkuróf. Á hafi úti, eða þar sem ríkir svokölluð ótrufluð úthafsaldur er orkurófið mjög nálægt því sem kallað er Pierson - Moskowitsch rófið.

Það gefur auga leið að í slíkri úrvinnslu er ölduhreyfingunni líkt við summu af mörgum reglulegum sveiflum. Summa af óendanlega mörgum reglulegum sveiflum með fasta hæð og random fasa gefur sem útkomu sveiflu sem dreifið er samkvæmt svokallaðri Rayleigh-dreifingu. Hæð ótruflaðrar úthafsöldu er eimitt Rayleighdreifið umhverfis meðalölduhæðina.

Þegar stormur varir mjög lengi hættir ölduhæðin að vaxa en aldan lengist eftir sem áður, samband lengdar tíma og hraða er hjá reglulegum öldum:

$$c = \sqrt{\frac{gL}{2} \operatorname{tgh} \frac{2D}{L}} = \frac{L}{T}$$

Þegar vindhraðinn er þekktur, og einnig hve lengi stormurinn hefur staðið er hægt að reikna meðalölduhæð og tíma eftir svokölluðu Bretschneider-línuriti



8. Mynd. Bretschneider línurit

Þegar svo aldan rennur utan af hafi og uppáð ströndum breytist hún vegna svokallaðrar grynningar (refraktion). Af líkingunni fyrir c sést að hraðinn breytist með dýpinu og þá beygir aldenn eftir sömu lögmálum og gilda fyrir ljósbrot. Við þetta breytir hún hæð töluvert og einnig stefnu. Þessa hæðar og stefnubreytingu er hægt að reikna, og hefur prófessor Þorbjörn Karlsson hannað forskrift sem það gerir og hefur hún verið allnokkuð notuð í þessu skyni, mest í Faxaflóa. Þorbjörn hefur einnig hannað forskrift sem reiknar út ölduhæðir fyrir sunnan og vestan Ísland frá veðurkortum. Mælingar á ölduhæðum hér við land eru aftur á móti lítt fyrir hendi.

Straumur hefur svipuð áhrif og grynning, hann breytir c og þá beygir aldan. Straumar á hafi úti eru jafnan svo litlir að þeir eru ekki á neinn hátt sambærilegir við c og áhrifin því lítil sem engin þar úti. Á grunnsævi er c aftur á móti minna og straumararnir sterkari. Á stöðum þar sem mikil straumskil eru, getur mikil ölduorka safnast fyrir af þessum sökum og verður þá mikil alda og brotsjóðar á þeim stað. Hinar frægu rastir umhverfis landið eru þessháttar fyrirbrigði.

Nú er Borgarfjörður þröngur og langur svo vindur þarf að vera úr ákveðinni átt til að standa inn fjörðinn, og má þar ekki nuna nema 6 gráðum, eða svo. Til er nálgunaraðferð til að reikna vindöldu við slíkar aðstæður, það hefur gert Jón Guðmundsson verkfræðinemi og fékk hann eftirfarandi niðurstöðu

$$H_s = 5.2m \quad T_s = 8.8 \text{ sek} \quad t = 3.0 \text{ klst}$$

Reikningarnir miðast við 11 vindstig og t er sá minnsti tími sem þarf til að vindurinn geti magnað þessa öldu upp.

Reikningar þessir eru ekki nákvæmir, þar er t.d. ekkert tillit tekið til grunningarinnar í Faxaflóa, en vitað er að áhrif hennar eru mikil.


Þegar vindur blæs mjög lengi myndast mjög langar öldur þar sem öldutíminn getur skift mörgum mínútum. Þessar öldur eru þó ekki háar, en þar eð þær eru svo langar hefur grynning lítil áhrif á þær. Í Faxaflóa myndast t.d. 12 - 15 mín alda ævinlega í SW veðrum og mælist þá gjarnan um 0.3 m í Reykjavíkurhöfn. Úti á hafi er hæð þessarar öldu hinsvegar ekki þekkt, en telja má að þar sé hún miklu lægri. Þegar slíkar öldur lenda inni jafndjúpri kví með lengdina l fæst svokallaður resonans þegar heildarlengd öldunnar er

$$L = \frac{4l}{1 + 2n}, \quad n = 0, 1, 2, \dots$$

Þá magnast aldan mjög mikið, slíkar öldur hafa mælst allt að 2 m í höfnum hér á landi. Hvaða vatnasvæði sem er getur komist í resonans og hefur sínar resonansperiodur, nokkuð flókið getur verið að reikna þær út.

Það hefur mikla þýðingu að reikna út ölduhæðir í Borgarfirði þar sem búast má við að rofvörn öll verði þar úr grjóti, en þá er hættan á rofi mest frá öldum. Lítil von er hinsvegar til að gera sér grein fyrir hættunni án þessara reikninga þar sem aðstæður í Borgarfirði eru frekar erfiðar, mikil öldugrynning langt öldustrik og einhverhætta á resonans. Einnig eru möguleikar á að straumrefraktion geti magnað ölduálag á leiðigarða, en til þess að gera sér grein fyrir þeirri hættu þarf að vita innkvæmi ölduhæðir og tíðnir.

Mesta hættan í sambandi við resonans er sú að þá myndast verulegur straumur gegnum brúaropið. Gera má ráð fyrir að resonanstímar Borgarfjarðar innan brúar séu af stærðargráðu 100, 30 og 20 mín. Algengasta orsökkin til að grefur undan hafnargörðum má telja að séu straumar frá slíkum sveiflum svo þetta atriði þarf að hafa í huga í sambandi við brúna og leiðigarða.



9. Mynd: Grynning í Faxaflóa

#### 4. EFNISFLUTNINGAR Í STRAUMI

Hér fyrir aftan er viðauki um efnisflutninga í straumi eftir prof. E. Hansen. Þar er sett fram útleiðsla Hansen & Engelund á botnskriðslíkingu þeirra. Allar slíkar botnskriðslíkingar ganga út frá vissum forsendum og eru þær helstar

Stöðugur einslægur straumur  
 Botninn sé með " dunes "  
 Einkorna efni  
 Överulegur upphræður aurburður

Ennfremur kemur fram að sú breytistærð sem mest áhrif hefur er Shields breyta

$$\theta = \frac{\tau}{\gamma(s-1)d}$$

Í einslægum straumi er

$$\tau = \gamma D I$$

svo er samband á milli vatnsborðshallans  $I$  og straumhraðans  $v$

$$v = K D^{5/4} I^{9/8}, \quad K = 10.9/d^{3/4}$$

Í straumi sem stjórnast af sterku þrýstifalli og þar sem tregðukraftar eru verkandi gildir þetta ekki, þar nefur  $I$  ekki sömu merkingu og í einslægum straumi. Hinsvegar er stundum reynt að nota botnskriðslíkingar við slíkar aðstæður, og þá notað fyrir skerspennuna


$$\tau = C_f \cdot \frac{1}{2} \rho v^2$$

Það sem botnskriðslíkingarnar raunverulega gefa er framburðar-  
 getan, en það er það magn framburðar sem straumurinn mest getur  
 flutt. Við slíkar aðstæður kemur fram ákveðin botnmyndun sem  
 lýsir sér í því að sandöldurnar á botninum ( dunes ) hafa ákveðna  
 hæð og lengd að meðaltali, háð straumhraða. Straummótstaðan stjórn-  
 ast þannig að verulegu leyti af botnskriðinu þannig að venjulegar  
 straummótstöðulíkingar gilda ekki ( t.d. Manning ) og munar þar  
 oft miklu. Sést þetta af líkingunni fyrir  $v$ , þar er straumhraðinn  
 háður  $I$  í veldinu  $9/8$  í stað  $1/2$  í venjulegum straummótstöðulík-  
 ingum.

Í venjulegum vatnsföllum er forsendur botnskriðslíkinga sjaldan  
 fyrir hendi. Straumurinn er síbreytilegur, tregðukraftar að verki  
 og erfitt að gera sér grein fyrir hvort raunverulegt jafnvægi er  
 á milli straumhraða og botnmyndunar eða ekki. Það gefst því mis-  
 jafnlega þegar verið er að prófa botnskriðslíkingar á raunverulegum  
 vatnsföllum, sbr. mynd hér að neðan, sem stafar frá athugunum á  
 Rio Magdalena í Colombia U.S.A.

Í samanburðinum milli mældra og reiknaðra gilda munar auðveldlega faktor 10 til beggja hliða. Mælipunktarnir eru það margir að auðveldlega sést að ekkert fast samband er milli straumhraða og botnskriðs, heldur eru hér aðrir kraftar að verki sem líkingarnar reikna ekki með.

Það sem gerir að verkum að botnskrið er oft annað en líkingarnar segja til um er óstöðugleiki sjálfs farvegsins. Hann stafar af því, að ef hola byrjar að grafast heldur hún áfram að dýpka meðan botnskriðslíkingarnar gilda í þeirri mynd sem þær eru settar fram. Þetta lýsir sér í því að aurvötn haldast ekki bein, heldur bugtast eða kvíslast á óreglulegann hátt. F. A. Engelund hefur sýnt fram á, að beinn jafndjúpur farvegur með botnskriði er alltaf óstöðugur og tekist að reikna hvenær hann kvíslast ef hann gerir það, og hve langar bugðurnar verða ef hann bugðast. Jafnskjótt og farvegir bugðast byrja hyljir að grafast og eyrar að hlaðast upp, hér að neðan er mynd að hyl í fljótsbugðu, reiknað af Engelund.



10. Mynd. Mælt og reiknað botnskrið

þegar farvegirnir eru fastir til hliðanna geta þeir ekki bugtast, en þá grafast álar þess í stað, og eyrar hlaðast upp á milli þeirra. Þessi álamyndun er hinsvegar ekki jafnvel rannsókuð og bugður, en ef að líkum lætur mun hægt að reikna út breidd og fjölda slíkra ála í gefnum farvegi, en ekki dýpt þeirra.

Þó botnskriðslíkingar sé þannig ærið óöruggar, eru þær samt sem áður eina tækni sem menn hafa til að gera sér grein fyrir framburðarmagni áá. Mælingar á botnskriðsmagni eru mjög tímafrekar og þar að auki er engin ö rugg tækni til að taka botnskriðssýni sem



gefa rétt botnskriðsmagn þekkt.

Út frá áður nefndu straumlíkani má reikna botnskriðsmagn fram og til baka gegnum sniðið milli Seleyrar og Borgarness. Ef tekið er tillit til að rennsli Hvítár og Andakílsár á að dragast frá flóðstraumi og leggjast við fjörustraum fæst

Rennsli á flóðstraumi	4690 í 2,5 stundir	1
" " fjöru "	4160 í 3,5 "	2

Frá línuriti E & H fæst

$$\Phi_1 = 1.37, \quad \Phi_2 = 1.05$$

Mismunur að meðaltali

$$\Phi_m = (1.05 \cdot 3.5 - 1.37 \cdot 2.5) / 12.5 = 0.02$$


Sé svo reiknað áfram fæst að þetta svarar til ársframburðar um 50.000 t/ári, tala sem að líkindum er alltof lág. Orsökina að ónákvæmninni er líka vel sýnileg. Niðurstaðan kemur út sem tiltölulega lítil munur á tveim stórum tölum.

Í niðurstöðunni er reiknað með  $d = 0.3$  mm, og auk þess er reiknað með að vatnsborð sé 0.25 m hærra á flóðstraumi en fjörustraumi. Þetta er til samræmis við niðurstöðu mælinga í Skerjafirði, en til að sýna hve niðurstaðan er í raun og veru veik má geta þess, að ef reiknað er með sama vatnsborði fæst flutningur inn.

## 5. STÖÐUGLEIKI ÚTFALLA

Útfall er þar sem ós fellur til sjávar. Stærð og gerð útfalla er yfirleitt að mestu háð ágangi sjávarins eins og nánar verður nú rakið.

Straumarnir í útfallinu stjórna mest af sjávarföllum þegar um eiginlegann ós er að ræða. Fjörustraumurinn ber botnefni með sér út og leggur það á grynningu fyrir utan, svokallað ytra grunn. Flóðstraumurinn ber þetta efni aftur með sér inn og leggur það á tilsvarendi innra grunn.



11. Mynd. Útfall

Þessu má líkja við teppi af sandi sem dregið er út og inn. Á þeim stöðum þar sem þetta skeður þá er þess að dýpið í útfallinu breytist verulega með tímanum er sagt að útfallið sé stöðugt.

Slík útföll eru samt sem áður tímabundin fyrirbrigði í jarðfræðilegum skilningi. Ósar hljóta að fyllast með tímunum og þar með hverfa þeir sjávarfallastraumar sem halda útfallinu við. Þetta skeður þó á misjafnan hátt eftir því hvort aðalefnisflutningarnir sem fylla ósinn eru meðfram ströndinni eða ofan frá landi.

Sandburður meðfram ströndinni sogað inn með flóðstraumnum og hleður upp innra grunnid. Við það lengist útfallið og straum-mótstada þess vex. Þá hækla í ósnum fyrir innan og hann endar sem ósalt stöðuvatn ef hann brýtur sér ekki nýja leið til sjávar. Þannig eru flestir ósar á Suðurströndinni.

Ef sandburðurinn kemur landmegin frá leitir hann með fjörustraumnum til sjávar, en ósinn hefur alltaf eitthvert sethlutfall (trapping efficiency) þannig að viss hundradshluti sest í ósinn.

Ljóst er að útfall er stöðugt vegna þess að skerspennan hefur eitt-hvert þð gildi að hvorki grefst eða safnast í það að neinu marki. Þetta er ekki sama gildi og kritiska skerspennan fyrir gefið efni ( Shields breyta  $\theta = 0.04 - 0.06$  ), heldur er um miklu hærra gildi að ræða.

Ef stærðin á þessari stöðugleikaspennu  $\tau_s$ , er þekkt fyrir gefið útfall er auðveld að finna með mælingum hvort hin raunverulega skerspena sé nærri þessu gildi eða ekki. Það sem helst hefur áhrif á stærð stöðugleikaspennunnar er

Öldur róta upp sandi sem straumurinn ber síðan með sér. Þegar inn í útfallið er komið minnka öldurnar skjótt, en þá þarf meiri skerspennu til að koma efninu áfram en ef öldurnar hefðu ekki verið því magnið er meira. Ölduálag eykur því  $\tau_s$

Kornastærð efnisins hér gilda sömu reglur og fyrir efnisflutninga í straumi að því leyttinu til að meira  $\tau_s$  þarf fyrir gróft efni en fínt ( sjá Shields breyta )

Aurburður frá landi eykur  $\tau_s$  rétt eins og sandburður utan frá. Mikill upphræður aurburður virkar auk þess stöðvandi á botnmyndanir sem einnig verkar til aukningar.

Nú er ljóst að  $\tau < \tau_s$  þýðir að safnast í útfallið, en  $\tau > \tau_s$  þýðir að það er að grafst út. Nú er

$$Q = v \cdot A$$

og auk þess er samband milli skerspennu og straumhraða. Ljóst er því að í stöðugu útfalli er samband milli þessara stærða

$$A = f(Q, \tau_s)$$

P. Bruun gefur

$$A = \frac{Q}{C \sqrt{\frac{\tau_s}{g}}}$$

$$C = 30 + 5 \log A \quad A \text{ í } m^2$$

Bruun miðar  $Q$  við meðalstórstraumsflóð, ef nú  $\tau_s$  er reiknað fyrir brúarsniðið í Borgarfirði fæst

$$\tau_s = 0.48 \text{ kg/m}^2$$


Bruun gefur upp sem gott meðaltal

$$\tau_s = 0.35 - 0.50 \text{ kg/m}^2$$

háð því hvort efnisflutningur inn eða út ( nettóflutningur ) er mikill eða lítill. Þessa niðurstöðu fær Bruun frá úrvinnslu á mælingum á fjölmörgum útföllum. Einstaka útföll víkja frá þessu með faktor 2 til hvorrar hliðar, en slíkt er ekki óvenjulegt þegar um slíka hluti er að ræða.

Frekar lágt gildi,  $\tau_s = 0.32$  fæst frá mælingum gerðum á ósum Bems árinna í Hollandi. Þar er samilegt skjól fyrir öldum og

## EEMS ESTUARY



12. Mynd. Rannsóknir í ósum Eems


sandburður meðfram ströndinni lítið. Hinsvegar er nokkur aurburður frá landi.

Allar niðurstöður P. Braun eru þó frá ósum á sandströnd með meira eða minna ríkjandi sandburði í aðra áttina.

Á þessu stigi málsin er ekki hægt að gefa neinar skýringar á hvers vegna Borgarfjörður sýnir þetta hátt gildi, þrátt fyrir að ölduálag þar er sennilega lítið og sandburður inn fjörðinn sennilega enginn. Hlugsanlegt er að skýringin sé framburðurinn frá landi.

## 6. ÁHRIF BRÚAR

Þar sem sjávarfallastraumarnir eru af stærðargráðu 40 sinnum meiri en ferskvatnsstraumurinn, þá eru áhrif brúarinnar þau áhrif sem þrengingin í brúarsniðinu hefur á fallstraumana, og síðan þau áhrif sem af því leiða á aðra þætti svo sem efnisflutninga og annað.



Jón Guðmundsson hefur gert nálgunarreikninga á minnkun flóðhæðar innan brúar, miðað við 4 m dýpi undir brú á fjöru. eru niðurstöður hans hér að ofan sem flóðhæð utan brúar á móti flóðhæð innan brúar,  $H_1/H_2$  sem fall af brúarlengd. Ef brúin er 600 m eða þar yfir<sup>1</sup> eru áhrifin innan við 10 %, en mesti hraði í brúaropinunni fer þó uppí 2 m/sek við þá brúarlengd.

